

Ed. **212. Nefndarálit** [126. mál]
um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 frá 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fyrir nokkrum dögum fékk n. til meðferðar frv. til l. um fjáröflun til vegagerðar, þar sem gert var ráð fyrir stórhækkuðum álögum á bifreiðaeigendur, sem

aka dísilbílum. Átti fastagjaldið að hækka í 126 þús. kr., nema menn féllust á að setja sérstakan mæli í bifreið sína, sem kostað hefði 20—30 þús. kr. aukaútgjöld fyrir þúsundir manna. Þessi niðurstaða hefði samtals kostað bifreiðaeigendur 70—80 millj. kr. í auknum útgjöldum.

Við, sem skipum minni hl. nefndarinnar, mótmæltum strax þessum áformum harðlega og bentum á, að með samþykkt frumvarpsins yrði lítið hagstæðara að aka dísilbíl en bensínbíl og yrði afleiðingin sú, að dísilbílar hyrfu úr notkun, enda eru þeir talsvert dýrari og að ýmsu leyti óþægilegri í akstri. Sú þróun væri hins vegar mjög óhagkvæm fyrir þjóðarbúið, þar sem dísilbílar eyða minna og ódýrara eldsneyti.

Nú hafa stjórnarflokkarnir tekið mikinn kollhnís í þessu máli, dregið frumvarp sitt til baka og komið með allt annað frumvarp, sem ekki gerir ráð fyrir neinum nýjum mælum í bifreiðar. Meðferð þessa máls ber því vott um ringulreiðina og fálmið, sem einkennir vinnubrögð ríkisstjórnarinnar um þessar mundir. Þó skal viðurkennt, að þetta nýja frumvarp er skárri en það, sem lagt var á hilluna.

Kjarni málsins er þó sá, að frumvarpið felur í sér óhæfilegar álögur á eigendur dísilbifreiða, þar sem þungaskatturinn er hækkaður í einu veffangi um 71% og hækkanir á atvinnubifreiðastjóra nemur 117%.

Eðlilegasta lausn þessa máls er að leggja jafnhátt gjald til Vegasjóðs á bensín og olíu, en afnema þungaskattinn. Við það mundi dísilolía á bifreiðar hækka úr 32 kr. í 48 kr. Af bifreið, sem eyðir 15 lítrum á 100 km, væru þá greiddar í Vegasjóð:

- 24 þús. kr. af 10 þús. km akstri
- 48 þús. kr. af 20 þús. km akstri
- 96 þús. kr. af 40 þús. km akstri

En sá, sem ekur bifreið sem aðeins eyðir 10 lítrum á 100 km, þyrfti að greiða þriðjunglægru upphæð, t. d. 64 þús. kr. af 40 þús. km akstri. Þetta er ólíkt sanngjarnari niðurstaða og þjóðhagslega hagkvæmari, því að hún hvetur menn til að aka bílum, sem eyða litlu eldsneyti.

Í dag er þrenns konar verð á olíu:

- 1) olía til útgerðar kostar 5.80 kr. l
- 2) olía til húshitunar kostar 24.20 kr. l
- 3) olía á bifreiðar kostar 32 kr. l
- 4) steinolía kostar 29 kr. l

Af þessum tölum er ljóst, að hættan á því, að verðmismunurinn sé misnotaður, er þegar fyrir hendi. Hækkun dísilolíuverðs til bifreiða um 16 kr. mun því engu breyta hvað þetta snertir. Raunar er þegar orðin brýn nauðsyn á því, að settar séu reglur sem dragi úr hættunni af því að menn noti húshitunarolíu á bifreiðar og útgerðarolíu til húshitunar eða aksturs.

Undirritaðir nefndarmenn telja það réttlátustu lausn þessa máls og um leið þjóðhagslega hagkvæmstu leiðina að sama gjald, 16 kr. gjald í Vegasjóð, verði lagt á allt eldsneyti til bifreiða, en þungaskatturinn og sú skrifinnaska, sem honum fylgir, verði með öllu afnuminn, og flytja breytingartillögur á sérstöku þingskjali, sem miða að þessu marki.

Alþingi, 17. des. 1975.

Ragnar Arnalds, Jón Árm. Héðinsson.
frsm.